



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 23. janúar 2025

SFS25010096

TILLAGA

Tillaga varðandi reglur um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að samþykktar verði breytingar á reglum um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum.

Greinargerð:

Reglur þessar voru síðast endurskoðaðar árið 2016 og því tímabært gera á þeim breytingar. Orðalag hefur breyst í takt við tímann t.d. hefur ábyrgðarmaður sérkennslu verið breytt í sérkennslustjóri.

Með tilkomu nýs fjáruðhlutunarkerfis, Snorra, er gert ráð fyrir föstu fjármagni til þess að sinna snemmtækri íhlutun. Það er mjög í anda verkefnisins Betri borg fyrir börn og farsældarlaganna, þ.e. að grípa strax inn í ef barn fylgir ekki jafnöldrum í þroska.

Í núgildandi reglum er úthlutað fjármagni til leikskóla á grundvelli tveggja flokka.

Fjármagnið sem fer til leikskólanna í gegnum úthlutunarlíkanið Snorra mun nægja til þess að sinna börnum sem samkvæmt núgildandi reglum heyra undir 2. flokk.

Áfram verður úthlutað fjármagni til leikskólanna til þess að mæta þörfum þeirra barna sem samkvæmt núgildandi reglum heyra undir 1. flokk. Markmið breytingarinnar er að leggja áherslu á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og kostur er. Allt starfsfólk leikskólans skal stuðla að fullgildi barna þannig að þau geti tekið þátt og öðlast gleði í leik. Stuðla á að því að starf leikskóla einkennist af inngildandi hugarfari og starfsháttum sem eru í takti við Menntastefnu Reykjavíkur og nýlegar breytingar í Aðalnámskrá leikskóla.

Þá mun breytingin verða til þess að fjármagn helst innan leikskólans þó svo að barn sem áður var í 2. flokki hætti í leikskólanum. Þannig er hægt að byggja upp þekkingu og stöðugleika í leikskólanum sem mun koma öllum börnum til góða.

Við endurskoðun reglnanna var tekið mið af framlagi skóla- og frístundasviðs til sérkennslu undanfarin fimm ár, en eins og áður sagði þá munu breytingarnar skapa möguleika á að grípa snemma inn í aðstæður ef barn fylgir ekki jafnöldrum í þroska. Það leiðir af sér að oft þarf ekki að kosta miklu til í framtíðinni hvað stuðning varðar.

Í gr. 3.2 eru gerðar breytingar á viðmiðum vegna fjölda barna í leikskóla þegar kemur að úthlutun stöðugilda vegna stuðnings til samræmis við forsendur í úthlutunarlíkaninu Snorra.



Reykjavík



Lagt er til að nýjar reglur taki gildi við samþykkt borgarráðs.

Kostnaður rúmast innan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs.